



Leikskólinn Akrasel

b.t. Anneyjar Ágústsdóttur og Sigurrósar

Skóli: Akrasel

Reykjavík, 16. nóvember 2019

Efni: Vegna Grænfánaúttektar 14. nóvember 2019

Kæru Anney og Sigurrós

Bestu þakki fyrir góðar móttökur í úttektinni. Hér að neðan er endurgjöf til ykkar ásamt niðurstöðum úttektarinnar.

Þið unnuð með þemað, neysla.

Markmið:

1. markmið: Minnka matarsóun

Hvernig tókst til: Það er mjög gott markmið að draga úr úrgangi sem fellur til innan skólans. Hjá ykkur hafa umræður skapast um hversu mikið á að skammta sér og fatan undir úrgang stundum tekin í burt. Þið gætuð líka gert litla rannsókn, mælt afganga og fylgst með hvort raunverulegur árangur eigi sér stað. Kannski hafið þið nú þegar gert það 😊

Fínt að hafa þetta í huga:



2. markmið: Betra aðgengi að endurvinnanlegum efnivið.

Hvernig tókst til: Sérstakar hillur settar upp með endurvinnanlegum efnivið, þetta hefur gegnið ágætlega, en það hefur tekið tíma að venja stafsfolk á að nýta þetta reglulega, það er hins vegar allt að koma. Flott að nota efniviðinn ekki bara í sköpun heldur líka í leik.

3. markmið: Útbúa jólagjafir úr frá eigin hugmyndum barnanna, unnin úr endurnýjanlegum efnivið.

Hvernig tókst til: Þetta gekk vel, mjög skemmtilegt verkefni, sköpunarkraftur nemenda virkjaður og flottar og persónulegar gjafir urðu til. Einnig vöktu þið fólk til

umhugsunar í foreldrasamfélaginu. Það tengist vel skrefi sex að upplýsa og fá aðra með.

4. markmið: Gróðursetja birkiplöntur
Hvernig tókst til: Fínt markmið, en þið náðuð ekki að klára þetta markmið, það verður þá vonandi gert næst.

5. markmið: Að börnin læri að rækta grænmeti á skólalóðinni.
Hvernig tókst til: Þetta tókst vel, þið reynduð að forsá og settuð niður kartöflur. Það gekk misvel að rækta, en niðurstaðan var að það er ekki bara útkoman sem skiptir máli heldur líka ferlið, sjá plöntuna vaxa og velta fyrir sér af hverju sumt vex og þrífst betur en annað. Það kom fram í heimsókninni að mikill áhugi er á ræktun hjá starfsfólki, þannig að þið eruð eflaust rétt að byrja hvað það varðar. Sumir skólar eru með ræktunarkassa með lýsingu inni, sá og rækta allan ársins hring, kannski væri gaman að prófa það.

Samantekt markmiða:

Það er greinilegt að á Akraseli er unnið mjög metnaðarfullt og skapandi starf, þar sem áhersla er lögð á umhverfismennt í víðu samhengi. Margt spennandi sem þið eruð að gera með ýmsum verkefnum, mikill metnaður í moltugerð og svo nýju meðlimir Akrasels, haugormarnir, sem gaman væri að heyra meira af næst. Það var mjög gaman að koma til ykkar og heyra hversu mikinn eldmóð og áhuga umhverfisnefndin hefur. Frábært hvað starfsfólk er jákvætt gagnvart verkefnum í þágu umhverfis.

Þið hafið nú unnið með ofantalin markmið á síðasta tímabili og eruð nú þegar búin að setja ykkur markmið fyrir næsta tímabil, sem er flott, mjög flott markmiðssetning tilbúin nú þegar. Vel gert! Ég heyrði í heimsókninni að það væri erfitt að bæta stöðugt á ný verkefni/markmið þar sem margt er í gangi, það er skiljanlegt. Það er kannski hægt að hafa einhver markmiðin sem eru ekki of viðamikil. Þið takið þátt í þremur umhverfistengdum verkefnum í samstafi við önnur lönd. Þar fáist þið vonandi innblástur, nýjar hugmyndir og ný markmið til þess að stefna að. Góð leið var að nota hraðstefnumótaleikinn til þess að fá hugmyndir að markmiðum.

1. Umhverfisnefnd: Umhverfisnefndin er vel skipuð stafsmönnum og elstu nemendum skólans. Þið eruð greinilega að þróa með ykkur hvernig best er að standa að fundunum, það er gott að hver og einn finni takt sem hentar. Góð hugmynd að bæta inn næst elsta hópnum til þess að fá meiri samfellu í starfið, ekki byrja alltaf á byrjunarreit, eins og þið bentuð á. Gott að nota gátlistana sem umræðupunktur og um að gera að aðlaga þá að ykkar starfi. Mælst er til þess að fundað sé þrisvar sinnum á hvorri önn.

2. Mat á stöðu umhverfismála: Gátlistar voru fylltir út í byrjun tímabilsins af umhverfisnefnd barna. Þið eruð greinilega að velta ýmsu fyrir ykkur varðandi

gátlistana og ýmsar góðar hugmyndir komu fram í greinargerðinni t.d. brjóta gátlistana niður og tengja við árstíðir. Að vera með spurningu vikunnar og tengja betur við foreldra, flott hugmynd. Gátlistarnir eru í raun hugsaðir sem tæki til að meta stöðu umhverfismála í upphafi hvers tímabils og setja sér markmið út frá því sem kemur út úr því mati. Við mælum með að það sé gert en það er ekkert því til fyrirstöðu að vinna einnig með þá með öðrum hætti, bara gaman að sjá ólíka notkunarmöguleika á þeim 😊

3. Áætlun um aðgerðir og markmið: Samkvæmt greinargerðinni eru þið að nota markmiðssetningarblaði, sem er mjög gott, vonandi hjálpar það við að ákveða markmið og vinna að þeim. Mjög flott markmið komin fyrir næsta tímabil.

4. Eftirlit og endurmat: Flott að þið notið gátlistana til að meta, einnig er hægt að nota markmiðssetningareyðublaðið og nýta síðasta dálkinn sem kallast „mat“.

5. Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá: Þið hafið unnið fjöldann allan af flottum verkefnum sem tengjast grænfánanum. Þið hafið einnig unnið mjög gott starf í að tengja grunnþættina inn í verkefnið eins og fram kemur í greinargerðinni.

6. Að upplýsa og fá aðra með: Þið náðuð tengingu við foreldrasamfélagið með jólagjöfinni, foreldrar voru ánægðir með að þessi háttur var hafður á og hefur kannski smitað út frá sér. Þið sendið upp tilkynningar og segið frá grænfánavinnunni á heimasíðu skólans. Í þessu skerfi er mælt með því að skólar bjóði upp á sérstakan grænfánaviðburð einu sinni á ári sem tengist þeim þeim sem unnið er með þar sem foreldrum og jafnvel nærsamfélagi er boðið.

7. Umhverfissáttmáli: Flott hvernig þið hafið endurhugsað umhverfissáttmálann. Frábært að sjá að þið notfærið ykkur ábendingar í fyrri endurgjöf. Nú er kominn flottur texti sem allir geta sungið og lagt á minnið. Vel gert!

Heildarútkoma: Skólinn hefur staðið sig vel í verkefninu. Þið hafið unnið skrefin sjö á metnaðarfullan og vandaðan hátt. Þið eruð nú að fara inn í sjötta tímabilið ykkar og það verður spennandi að sjá hvað kemur út úr því.

Á heildina litið er starfið mjög flott og skólinn til stakrar fyrirmyndar í verkefninu!

Að lokum:

Þið hafið náð þeim góða árangri að fá grænfánann afhentan í fimmta sinn. Innilega til hamingju með það!
Þegar þið hafið fundið dag til afhendingar þá hafið þið samband.

Bestu kveðjur,
Sigurlaug Arnardóttir
starfsfólk *Skóla á grænni grein*